

## FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**143. fundur** Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. október 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

### Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður og Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður. Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður mætti ekki og boðaði ekki forföll.

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

### Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

### Dagskrá:

1. Veiðilendur
2. 1609059 uppgjör vegna refa- og minkaveiða
3. 1509120 Eigendastefna fyrir þjóðlendur
4. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Á meðan ekki er kominn úrskurður frá Forsætisráðuneytinu í máli Skotvís gegn Húnaþingi vestra um nýtingu þjóðlenda og leyfisveitinga til rjúpnaveiða í þjóðlendum, leggur landbúnaðarráð til við sveitarstjórn, að fenginni umsögn lögfræðings, að haldið verði óbreyttri stefnu haustið 2016, þ.e. að heimila veiðar gegn gjalddöku og verði leyfisfyrirkomulagið með svipuðum hætti og síðustu ár.
2. 1609059 Lagt fram til kynningar yfirlit yfir refaveiðar, grenjavinnslu og vetrarveiði. Lagðar fram upplýsingar um refa- og minkaveiði frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Kostnaður Húnaþings vestra vegna refa- og minkaveiði á þessu tímabili er alls kr. 6.615.857 Unnin grendýr eru 95 , yrðlingar 186 , hlaupadýr 52 og minkar 39. Landbúnaðarráð óskar eftir að fá kr. 1.000.000 í fjárveitingu á árinu 2017 til vetrarveiði á ref.
3. 1509120 Eigendastefna fyrir þjóðlendur. Lagt fram til kynningar umsögn Jóns Jónssonar lögfræðings um tillögu að eigendastefnu fyrir þjóðlendur. Landbúnaðarráð Húnaþings vestra tekur undir meðfylgjandi álit Jóns Jónssonar lögfræðings.
4. Önnur mál
  - a. Engin önnur mál

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:38

---

Jóhann Ragnarsson

---

Sigtryggur Sigurvaldason

---

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

---

Guðný Hrund Karlsdóttir